

**Sb.**

**490. Nefndarálit**

**[41. mál]**

um till. til þál. um baráttu gegn eiturlyfjanautn.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál og leitað umsagnar allmargra aðila um till. Bárust frá saksóknara ríkisins, yfirsakadómara og lögreglustjóranum í Reykjavík ýtarlegar skýrslur um eiturlyfjanautn hér á landi. Bera þær skýrslur með sér, að hér er um alvarlegt vandamál að ræða, sem brýn nauðsyn er að leysa með skjótum ráðstöfunum. Er sú skoðun studd í umsögnum Læknafélags Íslands, Lyfjafræðingafélags Íslands og Apótekarafélags Íslands.

Fyrr á þessu þingi var lögð fyrir dómismálaráðherra fyrirspurn um misnotkun deytilyfja hér á landi og baráttu gegn þeim. Í svari sínu gaf ráðherrann ýmsar upplýsingar um málið og upplýsti, að það væri þegar í fullkominni rannsókn. Ráðherrann sagði enn fremur: „Að svo miklu leyti, sem í mínu valdi stendur, þá mun ég gera allt, sem ég get, til þess að þessi ófögnuður verði stöðvaður.“

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu till., þótt nefndarmenn séu efnislega sammála um nauðsyn alvarlegra ráðstafana gegn misnotkun eiturlyfja. Minni hl. vill afgreiða till. óbreytta, en meiri hl. leggur til, að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að dómismálaráðherra muni, eins og hann hefur yfir lýst, láta gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að stöðva ófögnuð eiturlyfjanna.

Alþingi, 27. marz 1963.

Benedikt Gröndal,  
form., frsm.

Pétur Sigurðsson,  
fundaskr.

Gísli Jónsson.

Björn Þórarinnsson.